

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028, Kröflulína 3.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 2. febrúar 2015 breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028, sem samþykkt var í sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs þann 21. janúar 2015. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst þann 23. júlí 2014.

Í breytingunni felst að bætt er við 220 kV háspennulínu, Kröflulínu 3, samsíða Kröflulínu 2 innan Fljótsdalshéraðs. Jafnframt er bætt við 17 nýjum efnistökusvæðum (E107-E123) vegna lagningar línunnar.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 2. febrúar 2015.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.